

## 10. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Stofan, 1. september 2020, kl. 17:15

**Mættir eru:** Geir Finnsson (GF) og Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM,) ásamt Tinna Isebarn (TI) framkvæmdarstjóra, og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS) verkefnastjóra frá skrifstofu. Í gegnum fjarfundabúnað eru Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL).

*Fundarstjóri: Geir Finnsson (GF)*

*Fundur settur: 17:25*

### Dagskrá:

1. Stjórn ákveður að fundarmönnum verði boðið upp á kaffiveitingar í boði LUF á fundinum þar sem fundaraðstaða í Hinu húsinu (HH) er lokað vegna ráðstafanna að völdum Covid-19.
2. **Samstarf með forseta Íslands:** GF, UH, SÞF, TI og HVS sóttu fund á með forseta Íslands þann 27. ágúst á Bessastöðum. Áttu fulltrúar LUF gott samtál við forsetan um starf félagsins og málefni ungs fólks almennt. Þá var forsetanum afhent ýmis gögn um starfsemina. Forsetinn lýsti yfir vilja til að sækja viðburði félagsins til að veita starfinu stuðning í verki. HVS er falið að fylgja eftir erindi fundarins og senda þakkir fyrir hönd LUF.
3. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:**
  - 3.1. **EUYC 24:** RVK og AK hafa móttakið erindi LUF og óskuðu eftir skriflegu minnisblaði með nánari upplýsingum. Kópavogur hefur ekki svarað. Við nánari athuganir kom í ljós að upplýsingar á heimasíðu EUYC voru óskýrar og að heildarkostnaður við verkefnið sé verulega hærri en gert var ráð fyrir, eða um 7 milljónir Evra. Samþykkt er að draga beiðni til baka. TI er falið að senda sveitarfélögunum fyrirbyggjandi upplýsingar.
  - 3.2. **Heimsókn frá samskiptaráðgjafa** frestaðist vegna Covid-19. HH var lokað í tvær vikur og verður nýr fundartími boðaður þegar húsið opnar á ný.
4. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** UH, TI og HVS funduðu með fulltrúum ráðuneytisins og hefur nú drög að samningi borist. LUF var falið að skoða samning og koma með athugasemdir fyrir undirritun. Stjórn ákveður að þakka fyrir drög að samningi en útfæra tillögur í samræmi við framkvæmdaáætlun stjórnar. Einkum tillögu þess efnis að samningurinn feli í sér vinnu á heildstæðri stefnu í málefnum ungs fólks (e. National Youth Policy)
5. **Annar fundur Leiðtogaráðs 3. september:** Drög að dagskrá og fundarboð er tilbúið. Tillögur að breytingu á stefnu LUF eru í vinnslu og verða aðgengilegar leiðtogaráði fyrir fundinn. Breytingarnar eru gerðar með tilliti til útkomu stefnumótunarvinnunnar frá 1. leiðtogaráðsfundi.
  - 5.1. Fundaraðstaða: Vegna Covid-19 faraldursins hefur HH sett á laggirnar ýmsar sóttvarnaraðgerðir eftir að starfsmaður í húsinu greindist smitaður. Takmarkar það fundar- og vinnuaðstöðu félagsins. Skrifstofa hefur leitað ýmissa leiða til að halda fundinn. Talið er mikilvægt að ráðið hittist í persónu og því er ákveðið er að halda fundinn í HH og gæta fyllstu sóttvarna.

**5.2. Fundarsókn stjórnarmanna búsettir utan höfuðborgarsvæðis:** Beiðni frá SÁS og RE um niðurgreiðslu ferðakostnaðar. GF opnar fyrir umræðu og ber tillögur fundarmanna upp til samþykktar:

**5.2.1. Niðurgreiðsla ferðakostnaðar:** TI leggur til að LUF niðurgreiði ferðakostnað fyrir þá stjórnarmenn sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins til að sækja einn leiðtogaráðsfund á starfsárinu. Tillagan er samþykkt og TI falið að fylgja þessu eftir.

**5.2.2. Verklagsreglur stjórnar:** Lagt er til að móta kafla í verklagsreglum stjórnar um niðurgreiðslu ferðakostnaðar til að sækja fundi fyrir stjórnarmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins fyrir næsta stjórnarfund. SÁS er farlið að setja upp drög að þeim kafla og bæta við verklagslegur stjórnar til umræðu fyrir næsta stjórnarfund.

**5.2.3. Kolefnisjöfnun ferða:** ÁNM leggur til að kolefnisjafna ferðir sem kostaðar eru af LUF með kaupum á CER einingum (e. Certified Emission Reduction Credits) hjá Sameinuðu þjóðunum.

**5.2.4. Fjarfundarbúnaður:** ÁNM leggur til að kanna kosti þess að bjóða upp á mætingu í gegnum fjarfundarbúnað. Tillagan er samþykkt og er HVS er falið að kanna fjarfundarbúnaðinn sem þegar er til staðar í HH. ÁNM falið að kanna kostnað og kosti betri búnaðar og koma með tillögu fyrir næsta stjórnarfund.

**Leiðtogaskólinn (Sjá reglugerð):** Stjórn LSÍ verður fullskipuð 3. september og HVS leggur til að fyrsti fundur stjórnar verði boðaður föstudaginn 4. september og er það samþykkt. TI kynnrir drög að stundatöflu og auglýsingu fyrir skólann.

**6. Staða ungs fólks á tímum Covid-19 til upplýsinga:** Heilbrigðisráðherra svaraði beiðni LUF og í kjölfarið hélt UH [erindi](#) á samráðsfundi stjórnvalda: „Lífið á tímum Covid-19“.

**7. Alþjóðamál**

**7.1.** Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum: Kjör Ungmennafulltrúa Íslands á sviði barna og ungmenna í samstarfi við félagsmálaráðuneytið fer fram á 2. leiðtogaráðsfundi og mun fulltrúinn í kjölfarið sækja „ECOSOC Youth Forum“. [Auglýsing](#) eftir framboðum hafin. TI er falið að senda beiðni á samgöngu- og sveitastjórnarmálaráðuneytið fyrir ungmennafulltrúa á sviði byggðamála (e. urbanization). Vonir eru bundnar um að fulltrúinn verði kjörinn á 4. leiðtogaráðsfundi og muni sækja „World Urban Forum“.

**8. Sjálfbærnisstefna félagasamtaka:** ÁNM leggur til að stjórn í samstarfi við leiðtogaráð LUF vinni hugmynd að útfærslu og er það samþykkt. ÁNM leggur einnig til að bæta við lið í dagskrá á 2. leiðtogaráðsfundi fyrir tillögur frá aðildarfélögin þegar kemur að sjálfbærnisstefnu LUF. TI bendir á að slík umærða passi vel inn í kynningu á stöðu verkefna á framkvæmdaáætlun stjórnar og því ekki þörf á sérstökum dagskrárlið. Þá er samþykkt að stjórn leggi það til við ráðið að sjálfbærnistefnan verði sér kafla sem fléttaður verður inn í siðareglur LUF. Ákveðið var að drög að sjálfbærni verði tilbúin til samþykktar á 4. leiðtogaráðsfundi í janúar 2021.

**9. Fjármögnun:** HVS er falið að koma með tillögu að styrktarumsókn fyrir [Nora](#)-sjóðinn fyrir næsta stjórnarfund.

**10. Sæti LUF í Æskulýðsráði:** TI og SHB falið að skipta með sér hlutverkum.

**11. Næsti stjórnarfundur:** HVS falið að búa til skoðanakönnun og finna dagsetningu sem hentar.

**Önnur mál:** SÁS bar upp spurningu varðandi framvindu rannsókninni um rekstrarumhverfi ungmennafélaga. Umræða fór fram um rannsókn starfsmanna og í ljós kom að ýmsar áskoranir hafa komið upp við vinnslu verkefnisins.

*Fundi slitið 19:18*

*HVS ritaði fundargerð*